

## Dagskrá og fundargögn 113. fundar stjórnar SSNV, 16. september 2024

Mánudaginn 16. september 2024, kom stjórn SSNV saman á Teams. Hófst fundurinn kl. 10.00. Mætt voru: Einar E. Einarsson, Álfhildur Leifsdóttir, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Halldór Gunnar Ólafsson og Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Sóknaráætlun 2025-2029
2. Fjárhagsáætlun SSNV 2025
3. Starfsáætlun SSNV 2025
4. Dagskrá haustþings – uppfærð útgáfa
5. Ályktanir

### Afgreiðslur

#### 1. Sóknaráætlun 2025-2029

Ásdís Sigurbergisdóttir og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir ráðgjafar frá Aton komu til fundar og kynntu drög að sóknaráætlun landshlutans árin 2025-2029. Stjórn þakkar góða yfirferð og felur framkvæmdastjóra að senda skjalið í samráðsgátt stjórnvalda þar sem íbúum og öðrum gefst kostur á að koma með viðbrögð við drögum áður en þau verða lögð fyrir haustþing SSNV til samþykktar.

#### 2. Fjárhagsáætlun SSNV 2025

Fjárhagsáætlun 2025 lögð fram til kynningar. Matthías Rúnarsson og Magnús Barðdal starfsmenn SSNV komu sem gestir til fundar. Stjórn þakkar góða yfirferð, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun og vísar drögum til haustþings SSNV.

#### 3. Starfsáætlun SSNV 2025

Starfsáætlun SSNV fyrir árið 2025 lögð fram til kynningar. Stjórn samþykkir starfsáætlun og vísar drögum til haustþings SSNV.

#### 4. Dagskrá haustþings – uppfærð útgáfa

Uppfærð dagskrá haustþings lögð fram til kynningar. Stjórn samþykkir dagskrá haustþings.

#### 6. Ályktanir

Umræða stjórnar um undirbúning ályktana haustþings.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:56.  
Einar E. Einarsson, Álfhildur Leifsdóttir, Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Halldór Gunnar Ólafsson, Katrín M. Guðjónsdóttir.